

Vegamál í ólestri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

– Ákall til þeirra er vald hafa til útdeilingar fjár úr ríkissjóði.

Listinn getur orðið langur þegar maður horfir til fjárveitingavaldsins í landinu. Þeir fulltrúar sem við þegnar landsins höfum kosið til að sitja fyrir okkar hönd á hinu háa alþingi hafa meðal annars með höndum það hlutverk að útdeila fé úr sameiginlegum sjóðum til samfélagsins. Þrennt kemur oftast upp í minn huga þegar um það er rætt. Heilbrigðismál, menntamál og samgöngumál. Eftir að ég tók við því starfi sem ég gegni nú, hefur síðastnefndi málaflokkurinn verið mér hugleiknastur, þó ekki geri ég lítið úr þeim fyrrnefndu.

Lengi er hægt að benda á að ástand geti verið verra en það er hverju sinni. Um langt skeið hefur ástand margra vega hér í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verið slíkt að ekki er hægt að una við það. Ekki dreg ég í efa að mikið vantar á í þessum efnunum í öðrum sveitarfélögum einnig. Sú samgönguáætlun sem nú er í gildi felur ekki í sér neinar umbætur í vegamálum í sveitarfélaginu. Þrátt fyrir að sveitarstjórnarfolk og aðrir íbúar hafi komið því til skila að pottur sé víða brotinn. Hér eru margir tengivegir sem liggja til einstakra parta byggðarinnar. Á síðustu árum hefur umferð um marga þessara vega aukist verulega vegna aukins ferðamannastraums og aukinnar ferðaþjónustu innan sveitarfélagsins. Er þá ónefnd umferð vegna virkjanaframkvæmda. Þar kemur oft til flutningur á þungum hlutum sem hafa mun meiri breidd en venjuleg ökutæki. Það finnast hér allnokkrir vegir þar sem orðið hafa hörmuleg slys og full ástæða til að hafa áhyggjur af því að fleiri slys geti átt sér stað ef ekki munu eiga sér stað úrbætur. Ekki síst þegar haft er í huga að aukinn fjöldi erlendra ökumanna, án reynslu og án sambærilegra réttinda og krafist er hér á landi, séu akandi á vegunum. Dæmi eru um að skólabílstjórar hafi orðað við sveitarstjóra að koma þurfi til sérstakra álagsgreiðslna vegna akstur tilteknum leiðum vegna slits ökutækja sem hlýst af ófremdarástandi veganna. Get ég vel skilið að menn nefni það. Efni í mörgum vegum hér um slóðir er orðið nánast uppurið og lítinn tilgang hefur að heflla. Tekið skal fram að starfsmenn Vegagerðarinnar er allir af vilja gerðir til að bæta ástandið.

Forystumenn Félags íslenskra bifreiðaeigenda hafa haldið því til haga að 25–27 milljarðar af þeim 70 milljörðum sem innheimtast í ríkiskassann á ári hverju af okkur bílaeigendum fari beint til vegamála. Varla getur það talist ásættanlegt í ljósi þess að óumdeilt er að þörfin til endurbóta á vegagerfinu er mun meiri en sem því nemur. Það má vera ljóst að það sem hefur komið í ríkiskassann af sölu eldsneytis og bifreiða á allra síðustu árum hafi aukist til muna í samræmi við aukna umferð og fjölgun ökutækja í umferðinni á vegum landsins. Á sama tíma virðist mér ástand vega fara versnandi og ég held að það sé ekki hugarburður, ef svo er bið ég ykkur þingmenn Suðurkjördæmis að leiðrétta mig.

Ríkissjóður hefur marga munna að metta og er kostnaðarþrýstingur mikill úr öllum áttum, ekki ætla ég að gera lítið úr því. Engu að síður státa þeir sem halda um ríkisþyngjuna sig af því að staða þjóðarbúsins sé framúrskarandi góð um þessar mundir, alla vega þegar það hentar.

Ég á því mjög erfitt með að sýna því skilning að ekki gangi betur að halda vegum hér í þeim ágæta hreppi sem ég bý í sem og í öðrum hreppum í betra ástandi en raun ber vitni.

Mynd:

(Kristófer Tómasson)

Kristófer Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.